

**Sþ.**

**27. Tillaga til þingsályktunar**

[27. mál]

um fóstureyðingar.

Flm.: Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða núgildandi lög um fóstureyðingar og leggja fram frumvarp þess efnis á næsta þingi.

**Greinargerð.**

Lög um fóstureyðingar, sem nefnast fullu nafni Lög um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar, eru meira en þrjátíu og fimm ára gömul, nr. 38 28. jan. 1935. Á þessum áratugum hafa viðhorf manna til fóstureyðinga breytzt svo mjög, að þjóðþing flestra nágrannalanda okkar Íslendinga hafa talið sig knúin til á s. l. árum að endurskoða og lagfæra gildandi lög um þetta efni.

Það fer ekki á milli mála, að núgildandi lög um fóstureyðingar voru mikil réttarbót, þegar þau voru sett. En hitt er og jafnaugljóst, sem engum þarf að koma á óvart, að íslenzku löggjöfinni er nú í ýmsu áfátt. Hin nýju viðhorf hafa holað hana eins og dropinn steininn. Meginfalli hennar er sá, að varla er minnst á ósk eða vilja konunnar, sem í hlut á. Er nauðsynlegt að tryggja miklu frekar en nú er gert réttindi konunnar til sjálfsákvörðunar. Kemur þetta berlega í ljós, þegar íslenska löggjöfin er borin saman við löggjöf nágrannalanda, t. d. þá sænsku, sem þykir þó í strangara lagi. Í íslenzku löggjöfinni er sagt m. a., að megi taka tillit til ýmissa ytri aðstæðna við ákvörðun um fóstureyðingu, í sænsku lögunum, að það skuli. M. ö. o. er mestallt vald lagt í hendur læknum, en konan nánast réttindalaus. Nú verður ekki í efa dregið, að læknar beita þessu valdi sínu eftir beztu vitund, en engu að síður verður með lagasetningu að tryggja réttindi konunnar. Þá virðist og nauður reka til að gera nánari grein fyrir þeim ytri aðstæðum, sem leiða til heimildar til fóstureyðingar. Þá má að lokum geta þess, að læknir má ekki eyða fóstrinu, ef kona hefur gengið lengur með en 8 vikur, nema lífi hennar sé bráð hætta búin. Í sænskum lögum er þetta tímabil 20 vikur. Virðist auðsætt, að núgildandi lög um fóstureyðingar þurfi að hníga meir í frjálsræðisátt en nú er.